



# Eftirlit með velferðarpáttum og merkingum sláturdýra

---

Desember 2023



## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Skilgreiningar .....	3
3. Lagagrunnur .....	3
4. Skyldur frumframleiðanda .....	4
4.1. Hreinleiki .....	4
4.2. Helti.....	4
4.3. Sár/áverkar .....	4
4.4. Holdafar .....	4
4.5. Merkingar .....	5
5. Skyldur sláturleyfishafa .....	5
5.1. Hreinleiki .....	5
5.2. Helti.....	5
5.3. Sár/áverkar .....	5
5.4. Holdafar .....	6
5.5. Merkingar .....	6
6. Skyldur eftirlitsdýralæknisins .....	6
6.1. Hreinleiki .....	6
6.2. Helti.....	6
6.3. Sár/áverkar .....	7
6.4. Holdafar .....	7
6.5. Merkingar .....	7
7. Mat á velferðarþáttum – töflur .....	7
7.1. Hreinleiki .....	9
7.1.1. Hreinleiki nautgripa.....	9
7.1.2. Hreinleiki svína.....	10
7.1.3. Hreinleiki sauðfjár.....	11
7.2. Helti.....	12
7.2.1. Helti nautgripa .....	12
7.2.2. Helti svína .....	13
7.2.3. Helti sauðfjár .....	14
7.2.4. Helti hrossa .....	14
7.3. Sár/ áverkar .....	15
7.3.1. Sár/ áverkar á nautgripum .....	15
7.3.2. Sár/ áverkar á svínum .....	16
7.3.3. Sár/ áverkar á hrossum .....	18
7.4. Holdafar .....	19
7.4.1. Holdafar mjólkurkúa .....	19
7.4.2. Holdafar holdanautgripa .....	20
7.4.3. Holdafar svína .....	21
7.4.4. Holdafar sauðfjár .....	22
7.4.1. Holdafar hrossa.....	22

## 1. Inngangur

Tilgangur þessara leiðbeininga er að samræma skoðanir eftirlitsdýralækna á velferðarpáttum í sláturhúsum. Leiðbeiningarnar byggja á kröfum í lögum og reglugerðum sem fjalla um velferð, hreinleika og merkingar sláturdýra, innra eftirlit sláturhúsa með þessum þáttum og eftirlit sem framkvæmt er af eftirlitsdýralæknum í sláturhúsum. Til stuðnings við eftirlitið fylgja ljósmyndir með leiðbeiningunum. Þó svo að leiðbeiningarnar séu ætlaðar eftirlitsdýralæknum í sláturhúsum geta þær einnig nýst öðrum stjórnvöldum, matvælaframleiðendum og sláturhúsum.

Gæðaskjöl Matvælastofnunar sem tengjast þessum leiðbeiningum:

- VLY-116 Viðbrögð við eftirliti með velferðarpáttum og merkingum sláturdýra
- EBL-213 Mat á dýravelferðarpáttum við eftirlit (EBL-214 Evaluation of animal-based welfare indicators (EN))
- LBE-032 Eftirlitshandbók Nautgripir
- LBE-077 Eftirlitshandbók Svín
- LBE-114 Eftirlitshandbók Sauðfé og geitur
- LBE-132 Eftirlitshandbók Hross
- LBE-046 Eftirlitshandbók um daglegt eftirlit við slátrun á sauðfé, svínum og stórgripum
- LBE-166 Viðbrögð við frávikum í daglegu eftirliti í sláturhúsum (LBE-173 Reactions to non-compliances during daily inspections in slaughterhouses (EN))
- EBL-066 Krafa um úrbætur (Non-compliance report)

## 2. Skilgreiningar

Í þessum leiðbeiningum er stuðst við eftirfarandi skilgreiningar á hugtökum:

1. **Frumframleiðslustaður:** Upprunastaður eða upprunabújörð, þaðan sem dýrið er sent í sláturhús;
2. **Frumframleiðandi:** Aðili, framleiðandi, eigandi dýra eða umráðamaður dýra, sem heldur eða hefur umsjón með dýrum sem send eru til slátrunar;
3. **Sláturhús:** Sláturhús eða lítið sláturhús fyrir húsdýr;
4. **Rekstraraðili sláturhúss:** Rekstraraðili í matvælaíðnaði sem annast slátrun.

## 3. Lagagrunnur

Leiðbeiningarnar eru byggðar á grunni eftirfarandi laga og reglugerða. Hafa skal í huga að löggjöfin getur tekið breytingum:

- [Lög nr. 93/1995 um matvæli](#)
- [Lög nr. 55/2013 um velferð dýra](#)
- [Reglugerð nr. 102/2010 um gildistöku reglugerðar EB nr. 178/2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla auk áorðinna breytinga.](#)
- [Reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar EB nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.](#)
- [Reglugerð nr. 104/2010 um gildistöku reglugerðar EB nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varðar matvæli úr dýraríkinu, auk áorðinna breytinga.](#)
- [Reglugerð nr. 371/2020 um gildistöku reglugerðar EB nr. 2017/625 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt.](#)
- [Reglugerð nr. 483/2020 um gildistöku framkvæmdareglugerðar EB nr. 2019/627 um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu, sem eru ætlaðar til manneldis, í](#)

[samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins \(EB\) 2017/625 og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar \(EB\) nr. 2074/2005 að því er varðar opinbert eftirlit](#)

- [Reglugerð nr. 527/2017 um velferð dýra í flutningi](#)
- [Reglugerð nr. 911/2012 um vernd dýra við aflífun \(EB nr. 1099/2009\)](#)
- [Reglugerð nr. 916/2012 um merkingar búfjár](#)
- [Reglugerð nr. 1065/2014 um velferð nautgripa](#)
- [Reglugerð nr. 1276/2014 um velferð svína](#)
- [Reglugerð nr. 1066/2014 um velferð sauðfjár og geitfjár](#)
- [Reglugerð nr. 910/2014 um velferð hrossa](#)

## 4. Skyldur frumframleiðanda

Umráðamenn dýra skulu fylgjast með heilbrigði dýra og vernda þau gegn meiðslum og sjúkdómum. Þeir skulu sjá til þess að sjúk eða slösuð dýr fái tilhlýðilega lækni meðferð eða séu aflífuð. Tryggja skal að útbúnaður sé til staðar svo unnt sé að annast um þau og meðhöndla á viðunandi hátt. Byggingar, innréttingar, girðingar, tæki og tól skulu þannig hönnuð og þeim þannig viðhaldið að þau geti ekki valdið dýrum skaða. Gólf og legusvæði skulu vera með stömu yfirborði. Legusvæði skulu vera þannig gerð að þau valdi ekki meiðslum þegar dýrin liggja og standa upp. Umráðamönnum dýra ber að tryggja dýrunum góða umönnun, þ.m.t. að sjá til þess að þörfum dýranna sé sinnt að jafnaði einu sinni á dag. Tryggja skal gæði og magn fóðurs, beitilands og vatns þannig að fullnægi þörfum dýranna.

### 4.1. Hreinleiki

Umráðamenn dýra í frumframleiðslu skulu, samkvæmt matvælalöggjöfinni, sjá til þess að sláturdýr og önnur dýr í þeirra umsjón séu hrein. Það er gert með útmokstri og undirburði, réttri hönnun gólfs- og legusvæða, góðri loftræstingu, viðeigandi fóðri og með því að klippa dýr reglulega. Ef dýr óhreinkast engu að síður, þarf að hreinsa þau eins og kostur er áður en þau eru send til slátrunar, t.d. með því að klippa þau eða bursta. Lög um velferð dýra kveða á um lágmarksaðbúnað dýra. Velferðarreglugerðir eru settar með stoð í lögunum og þar kemur fram að aðbúnaður skuli vera þannig hannaður að dýr haldist hrein. Ef sláturdýr eru verulega óhrein getur það verið merki um brot á dýravelferðarlöggjöfinni á frumframleiðslustað.

### 4.2. Helti

Fylgjast skal með heilbrigði klaufa/hófa og snyrta þær svo tryggt sé að dýr líði ekki fyrir vanhírðu þeirra. Óheimilt að flytja dýr nema þau séu nógu vel á sig komin til að þola fyrirhugaða ferð og öll dýr skal flytja við aðstæður sem tryggja að þau verði ekki fyrir meiðslum eða þjáist að óþörfu. Særð dýr og dýr sem eru veikburða eða bera sjúkdómseinkenni, eru óhæf til flutnings ef þau geta ekki hreyft sig af eigin rammleik og geta ekki gengið óstudd eða ef það veldur þeim sýnilegum sársauka.

### 4.3. Sár/áverkar

Fyrirbyggja skal eins og kostur er sár og áverka á býlinu og meðhöndla ef þörf krefur. Særð dýr og dýr sem eru veikburða eða bera sjúkdómseinkenni, eru ekki fær til flutnings ef þau eru með djúp, opin sár.

### 4.4. Holdafar

Dýr skulu uppfylla lágmarkskröfur um holdafar, 2,5 fyrir nautgripi, 2,0 fyrir svín, 2,5 fyrir sauðfé og 2,0 fyrir hross.

## 4.5. Merkingar

Skylt er að einstaklingsmerkja geitur, hross, nautgripi, sauðfé og svín, nema undanþága sé til staðar í merkingarreglugerð. Umráðamaður búfjár ber ábyrgð á að allt búfé sem alið er á hans vegum sé merkt innan tilskilins tíma frá fæðingu með viðurkenndu merki, sem fylgja á dýrinu alla ævi þess. Óheimilt er að breyta eða fjarlægja einstaklingsnúmer/merki dýrs eða eldishóps, nema það sé orðið ólæsilegt eða skemmt. Missi dýr merki, glatist það, eða það verði ólæsilegt, skal umráðamaður endurmerkja dýrið með merki sem tryggir rekjanleika þess við fyrra merki og hjarðbók. Umráðamaður búfjár er ábyrgur fyrir skráningu upplýsinga um öll dýr hjarðar sinnar í sérstaka hjarðbók, í miðlægan gagnagrunn ef hann er til staðar en annars á skýrsluform, sem Bændasamtök Íslands láta í té og viðurkennt er af Matvælastofnun.

## 5. Skyldur sláturleyfishafa

Rekstraraðilar sláturhúsa, skulu sjá til þess að dýr sem koma til slátrunar séu rétt auðkennd, að þeim fylgi matvælaferlisupplýsingar, að dýrin séu hrein, heilbrigð og að öðru leyti í ásættanlegu ástandi við komuna í sláturhúsið. Sláturleyfishafi (dýravelferðarfulltrúi) skal leggja kerfisbundið mat á velferðarskilyrði hvernar sendingar af dýrum við komu þeirra í sláturhúsi. Óheimilt er að flytja dýr nema það sé nógu vel á sig komið til að þola fyrirhugaða ferð og öll dýr skal flytja við aðstæður sem tryggja að þau verði ekki fyrir meiðslum eða þjáist að öþörfu.

Í gæðahandbók sláturhússins skulu vera verklagsreglur sem kveða á um hvernig sláturleyfishafi hyggst tryggja að sláturdýr uppfylli kröfurnar hér að ofan. Ef slík dýr koma til slátrunar skal sláturleyfishafi bregðast við og láta eftirlitsdýralækni vita. Sláturleyfishafi skal halda ská yfir eigið innra eftirlit með þessum þáttum og viðbrögðum þeim tengdum.

### 5.1. Hreinleiki

Samkvæmt löggjöf á sláturleyfishafi að sjá til þess að dýr, sem sláturhúsið samþykkir að taka við til slátrunar, séu hrein. Sláturleyfishafi skal jafnframt grípa til viðeigandi úrbóta t.d. með því að hægja á sláturlínu eða raka dýrin eða að öðrum kosti fjarlægja þau af sláturlínu og farga þeim ef ekki er hægt að tryggja hreinlæti við slátrun þeirra. Ef sláturleyfishafi verður þess áskynja að óhrein dýr séu flutt til slátrunar eða þau óhreinast óeðlilega mikið í flutningi, verður hann að grípa til viðeigandi aðgerða til að leiðrétta það. Sláturleyfishafi ber ábyrgð á að sláturdýr séu hrein bæði í flutningum á vegum sláturhússins og á vegum flutningsaðila í verktöku fyrir sláturhúsið. Sláturleyfishafi/flutningsaðili metur, á grundvelli mats á hreinleika sláturdýrsins, hvort mögulegt sé að slátra dýrinu á hreinlegan hátt, hvort þörf sé á að gripið sé til aðgerða til að koma í veg fyrir að afurðir óhreinast við slátrun eða hvort dýrið sé það óhreint að fyrirbyggjandi aðgerðir dragi ekki nægjanlega úr áhættunni á að afurðir óhreinast við slátrun. Í slíkum tilfellum ætti ekki að flytja dýrið í sláturhús. Sláturleyfishafi verður að sjá til þess að allir flutningsaðilar á hans vegum, þ.á.m. verktakar, séu meðvitaðir um framangreindar hreinleikakröfur til sláturdýra.

### 5.2. Helti

Ekki skal flytja dýr sem geta ekki hreyft sig af eigin rammleik án mikils sársauka og geta ekki stigið í alla fjóra fætur. Ef dýravelferðarfulltrúi verður var við að dýr sé áberandi halt við komu í sláturhús skal hann meta hvort dýrið skuli aflífað á bílnum, hvort það geti gengið að aflífunarbás og fái forgang í slátrun eða hvort það skuli sett í sjúkrahúsi. Slík dýr skal tilkynna til eftirlitsdýralæknis.

### 5.3. Sár/áverkar

Ekki skal flytja dýr með djúp opin sár eða ógróin sár eftir aðgerðir. Ef dýravelferðarfulltrúi verður var við að dýr sé með sár/áverka þarf að meta hvort dýrið líði fyrir það og/eða hvort sárið beri merki um sýkingu (bólga, roði og hiti). Allt eftir alvarleika sára/áverka skal dýravelferðarfulltrúi meta hvort dýrið skuli aflífað á sláturbílnum eða komið fyrir í sjúkrahúsi. Slík dýr skal tilkynna til eftirlitsdýralæknis.

## 5.4. Holdafar

Óheimilt er að flytja grindhórað dýr til slátrunar (holdastig 1-1,5), þar sem það er ekki nógu vel á sig komið til að þola fyrirhugaða ferð. Ef dýravelferðarfulltrúi verður var við grindhórað dýr á flutningabíl skal það aflífað á bílnum ef það getur ekki gengið af bílnum af eigin rammleik eða að öðrum kosti sett í sjúkrastíu. Slík dýr skal tilkynna til eftirlitsdýralæknis.

## 5.5. Merkingar

Berist ómerkt dýr í sláturrétt sláturhúss skal það tilkynnt eftirlitsdýralækni. Dýrinu skal slátrað en heilbrigðisskoðun eftirlitsdýralæknis frestað eða tryggt við heilbrigðisskoðun eftirlitsdýralæknis og stimplun að afurðirnar fari ekki til manneldis.

Matvælastofnun (héraðsdýralæknir í því umdæmi sem sláturhúsið er í) getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef viðhlítandi skýringar koma fram á því af hverju dýrið er ómerkt og hægt er að sýna fram á uppruna þess m.a. hvaða einstaklingsnúmer dýrið hafði og skráningu í hjarðbók. Undanþágubeiðni skal berast héraðsdýralækni a.m.k. með sólarhrings fyrirvara. Það er á ábyrgð sláturhúss og/eða eiganda búfjár að sýna fram á uppruna og veita skýringar sem og óska eftir undanþágu þessari fyrir heilbrigðisskoðun eftirlitsdýralæknis.

# 6. Skyldur eftirlitsdýralæknisins

Við daglegt eftirlit skal hafa eftirlit með velferð, hreinleika og merkingum dýra og grípa til aðgerða ef einhverju er ábótavant í þeim efnum.

Skoðun fyrir og við slátrun skal skera úr um hvort það tiltekna dýr, sem skoðað er, sýni einhver merki um sjúkleika eða vanhirðu sem ógnað gæti heilbrigði manna og/eða dýra. Í slíkum tilfellum skal eftirlitsdýralæknir grípa til viðeigandi aðgerða og upplýsa stjórnanda sláturhússins og héraðsdýralækni. Viðbrögð eftirlitsdýralæknis við frávikum við merkingar og velferðarþætti, sem í þessum leiðbeiningum eru, skulu vera í samræmi við **VLÝ-116**.

Meta skal hvort dýr sem lenda í gulum flokki hafi yfirhöfuð verið hæf til flutnings eða hvort flytja hefði átt þau við sérstakar aðstæður (tryggt meira rými og mjúkt og stamt undirlag). Dýr sem lenda í rauðum flokki eru ávallt óhæf til flutnings.

## 6.1. Hreinleiki

Eftirlitsdýralæknir skal meta hvort sláturleyfishafi hafi uppfyllt kröfur um matvælaöryggi varðandi hreinleika sláturdýra og hvort kröfum um velferð hafi verið framfylgt hjá bónda. Mat á hreinleika er samkvæmt töflum í 7. kafla og viðbrögð eru samkvæmt VLY-116.

Eftirlitsdýralæknir skal tryggja að óhreinum dýrum (þar sem hætta á mengun kjöts við slátrun er óviðunandi) sé ekki slátrað til manneldis nema sláturhúsið grípi til viðeigandi aðgerða t.d. að hægja á sláturlínu eða raka dýrin eða að öðrum kosti fjarlægja þau af sláturlínu og farga þeim ef ekki er hægt að tryggja hreinlæti við slátrun þeirra.

## 6.2. Helti

Eftirlitsdýralæknir skal meta fótaheilsu dýra við affermingu og/eða við lifandi skoðun, með sérstaka áherslu á þau dýr sem eru í sjúkrastíu og skal meta hvort slík dýr skulu sett í forgang í aflifun. Ef dýr getur ekki gengið af flutningabílnum af eigin rammleik skal það aflífað þar. Ef eftirlitsdýralæknir verður var við að klauf-/hófhirðu sé verulega ábótavant og/eða ef grunur er um alvarlega hófsperru tilkynnir hann það til héraðsdýralæknis í umdæmi viðkomandi innleggjanda. Mat á helti eru samkvæmt töflum í 7. kafla og viðbrögð eru samkvæmt VLY-116.

### 6.3. Sár/áverkar

Eftirlitsdýralæknir skal meta sár og áverka dýra við affermingu og/eða við lifandi skoðun, með sérstaka áherslu á þau dýr sem eru í sjúkrastíum. Meta skal alvarleika sáranna/áverkanna, hvort merki sé um sýkingu eða hvort um er að ræða djúp opin sár (t.d. inngróin horn á sauðfé). Mat á sárum/áverkum er samkvæmt töflum í 7. kafla og viðbrögð eru samkvæmt VLY-116.

### 6.4. Holdafar

Eftirlitsdýralæknir skal meta holdafar dýra við affermingu og/eða við lifandi skoðun, með sérstaka áherslu á þau dýr sem eru í sjúkrastíum. Ef grindhórafar dýr getur ekki gengið skal það aflífað á flutningabílum. Skrokkum af grindhórufarum dýrum skal farga. Mat á holdastigi er samkvæmt töflum í 7. kafla og viðbrögð eru samkvæmt VLY-116.

### 6.5. Merkingar

Berist ómerkt dýr í sláturhús skal dýrinu slátrað en heilbrigðisskoðun frestað eða tryggt við heilbrigðisskoðun að stimplun fari ekki fram og að afurðirnar fari ekki til manneldis.

Eftirlitsdýralæknir skal kanna hjá héraðsdýralækni hvort undanþága frá reglugerð nr. 916/2012 hafi verið veitt. Ef hún er ekki fyrir hendi er ákveðið í samráði við héraðsdýralækni hvort henda eigi skrokk og afurðum þar sem rekjanleiki er ekki tryggður. Eiganda er gefið tækifæri til þess að sanna að um rétt dýr er að ræða.

Folöld, sem slátrað er fyrir 10 mánaða aldur, skulu auðkennd þannig að fæðingarnúmer móður sé gefið upp við slátrun.

Matvælastofnun er heimilt að veita undanþágu frá því að merkja grísi til slátrunar með merki að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

1. Grísirnir hafi ekki verið meðhöndlaðir með lyfjum eftir fráfarur.
2. Grísirnir eru auðkenndir fæðingarbyli fyrir flutning frá fæðingarbyli.
3. Grísirnir eru fluttir beint frá fæðingarbyli eða eldisbúi í sláturhús.
4. Við flutninginn sé aðeins flutt frá einu fæðingarbyli eða einu eldisbúi í einu.
5. Við flutninginn sé aðeins flutt frá einum framleiðanda í einu.
6. Við flutninginn eru aðrir gripir s.s. gyltur, geltir og lyfjameðhöndlaðir grísir með merki.
7. Við slátrun er tryggt að viðkomandi hópur sé sundurgreindur frá öðrum sláturhópum.

Framleiðanda og sláturleyfishafa ber að sýna fram á að ofangreindum skilyrðum sé fullnægt til að undanþága sé gefin til að merkja ekki sláturgrísi.

## 7. Mat á velferðarþáttum – töflur

Töflurnar eru ætlaðar til notkunar við eftirlit á velferð í sláturhúsum til að meta hvort ástand dýranna samræmist lögum og reglugerðum um velferð dýra.

Farið er í hverja stíu og skoðað á sláturlínu hvort það séu einhver dýr sem lenda í rauðum eða gulum flokki.

Dýr/ hópur dýra frá hverjum innleggjanda er talið sér.

Best er að byrja að skima hvort það eru dýr í rauðum flokki. Rautt þýðir að ástandið er ekki í lagi og ekki hafi verið brugðist við. Eitt dýr sem flokkast í rautt er nóg. Ef eitt dýr er metið í rauðan flokk við skoðun og ekki hefur verið brugðist við með viðeigandi hætti svo sem sjúkrastíu, dýralæknaskoðun og meðhöndlun o.s.frv., fær skoðunaratriðið "frávik", eða "alvarlegt frávik". Hins vegar, ef rétt hefur verið brugðist við og úrbætur eru í vinnslu er skoðunaratriðið skráð í gulan flokk.

Dýr í gulum flokki þýðir að ástand dýrsins er „á mörkunum“ og þarfnast ýtarlegra mats og eftirfylgni. Ef dýr flokkast gul þá fer fjöldi þeirra dýra sem eru gul/„á mörkunum“ að skipta máli fyrir heildar niðurstöðu. Það er gert með því að meta hlutfall dýra sem flokkast gul út frá heildarfjöldanum. Hlutfallið segir til um hvort skoðunaratriðið flokkist þá í lagi (græn), þarfnist eftirfylgni (gul) eða sé ekki lagi og skráð sé „frávik“, eða „alvarlegt frávik“. Athugið gult er EKKI = frávik og rautt = alvarlegt frávik, heldur þýðir rauð flokkun að skoðunaratriðið er merkt „frávik“ eða „alvarlegt frávik“. Eftirlitsdýralæknir verður að meta alvarleikann.





Dýr geta lent í þremur mismunandi flokkum:

- **Grænn flokkur:** Í lagi
- **Gulur flokkur:** Þarfnast athugunar
  - Ef hlutfall dýra sem eru flokkuð gul er **< 5%** er skoðunaratriðið metið „í lagi“.
  - Ef hlutfall dýra sem eru flokkuð gul er á bilinu **5-15%** gæti býlið þurft meiri eftirfylgni í formi tíðara eftirlits. Almennt ekki skráð frávik við skoðunaratriðið fyrr en hlutfall þeirra sem flokkast gulir eru >15% af hópnum.
  - Ef hlutfall dýra sem eru flokkuð gul er **> 15%** fær skoðunaratriðið „**frávik**“, eða „**alvarlegt frávik**“. Eftirlitsdýralæknir metur hvort eigi betur við út frá alvarleika. Viðbrögð skv. VLY-116.
- **Rauður flokkur:** Ekki í lagi – viðbrögð skv. VLY-116.



## 7.1. Hreinleiki

### 7.1.1. Hreinleiki nautgripa









Í lagi	Í lagi	Þarfnast athugunar	Ekkí í lagi
<p>Engin óhreinindi eða einungis lítilsháttar ný eða þornuð yfirborðs-óhreinindi sem hægt er að bursta burt.</p>	<p>Svæði sem yfirborðs eða ný óhreinindi og eru stærri en handarflötur en hægt að bursta eða fjarlægja með vatni auðveldlega.</p>	<p>Svæði óhreininda eru stærri en framhandleggur, en skítaskorður eða svæði sem ná inn að skinni eru minni en handarflötur á hverju svæði Engin eða lítil svæði með rauða húð (minna en handarflötur) Engin sár í húð</p>	<p>Svæði óhreininda eru lag eða skorpur sem ná inn að húð og eru framhandleggslöng í einhverja átt Ekki hægt að fjarlægja skítaskorpur án sársauka. Húð undir skítakleprum rauð sem nemur stærra en handarfleti (ef hún sést). Sár í húð undir skítakleprum (óháð stærð).</p>
			

### 7.1.2. Hreinleiki svína

Í lagi	Í lagi	Þarfnast athugunar	Ekki í lagi
<p>Hreint: Engin eða mjög lítil óhreinindi.</p>	<p>Minniháttar: Blettir sem eru minni en lófasterð af ferskum eða þurrum skít og þekja minna en 20% af skrokk. Óhrein svæði geta verið stærri ef einungis er um að ræða þunnt lag af skít sem ekki nær inn í skinn.</p>	<p>Skítugt: Óhreinindi þekja meira en 20% og minna en 50% af skrokk. Engir eða mjög litlir rauðir blettir á húð.</p>	<p>Mjög skítugt: Óhreinindi á meira en 50% af skrokk og /eða sumir líkamshlutar þakir þykku lagi af skít. Einnig geta verið sár á húðinni.</p>
			

Ekki ætti að rugla saman eiginlegum skít við önnur óhreinindi (mold, leir).

### 7.1.3. Hreinleiki sauðfjár

Í lagi	Í lagi	Þarfnast athugunar	Ekki í lagi
Engin eða mjög lítil óhreinindi.	Svæði að lófastærð með einungis ferskum eða þurrum yfirborðs-óhreinindum. Óhreint svæði getur verið stærra ef einungis er um að ræða óhreinindi í ull sem ekki nær inn í skinn.	Stærra svæði af óhreinindum á afturhluta án eða einungis með yfirborðsóhreinindum á öðrum hluta líkamans. Engin eða svæði minni en 2-3 cm <sup>2</sup> að stærð með roða í húð. Engir dýpri áverkar á húð.	Eitt eða fleiri af eftirtöldu: a) Stærra svæði með þykku lagi af óhreinindum sem hafa áhrif á einangrunargildi ullarinnar. b) Skítakleprar stærri en 5 cm. c) Roði í húð sem nær yfir meira en 4-5 cm <sup>2</sup> .
 	 	 	 

Yfirborðsóhreinindi neðan við framhné/hækil eru ekki með í matinu.






## 7.2. Helti

### 7.2.1. Helti nautgripa

Í lagi	Þarfnast athugunar	Ekki í lagi
<p><b>0° helti:</b> Nautgripur stendur og gengur eðlilega. Setur jafna þyng á alla fætur. Baklína bein.</p> <p><b>1° helti:</b> Nautgripur stendur með beina baklínu, en baklína aðeins bogin við gang. Göngulag örllítið frávikjandi frá eðlilegu göngulagi.</p>	<p><b>2° helti:</b> Nautgripur stendur og gengur með bogna baklínu. Tekur stutt skref við gang.</p>	<p><b>3° helti:</b> Nautgripur stendur og gengur með bogna baklínu. Við gang reynir dýrið að setja ekki þyngd á einn eða fleiri fót.</p> <p><b>4° helti:</b> Nautgripur stendur og gengur með mjög bogna baklínu. Við gang reynir dýrið að setja ekki þyngd á 1 eða fleiri fót. Reynir að forðast gang og á erfitt með að rísa á fætur. Ör bendir á dæmi þar sem gripur setur ekki þyngd á fót.</p>
<b>0° helti</b>	<b>2° helti</b>	<b>3° helti</b>
<b>1° helti</b>		<b>4° helti</b>



This evaluation scheme of lameness is developed by Zinpro Corporation after Spencher, D.J.; Hostetler, D.E.; Kaneene, J.B. 1997. Theriogenology 47: 1178-1187

## 7.2.2. Helti svína

Í lagi	Þarfnast athugunar	Ekki í lagi
<p><b>Svín hreyfir sig óhindrað:</b> Eðlilegt göngulag með jafna notkun á öllum fótum. Mögulega ofvaxnar klaufir sem ekki hafa áhrif á hreyfingu.</p>	<p><b>Lítilsháttar helti:</b> Lítilsháttar höfuðhreyfing (upp og niður) við gang. Ójöfn þyngd sett á fætur við gang eða stöðu, erfiðleikar við að standa á fætur/leggjast niður. Ofvaxnar klaufir sem hafa áhrif á hreyfingu.</p>	<p><b>Alvarleg helti:</b> Alvarlegir erfiðleikar við að standa á fætur/leggjast niður. Mikil höfuðhreyfing (upp og niður) við gang eða dýrið er ófært um að stíga í einn eða fleiri fætur. Ófær um að hreyfa sig, kýs að liggja.</p>
		
		

Það getur verið erfitt að meta helti í svínaflokki. Nauðsynlegt er að sjá svínin hreyfa sig hvert fyrir sig.

### 7.2.3. Helti sauðfjár

Í lagi	Þarfnast athugunar	Ekki í lagi
Eðlilegur gangur, jöfn not af öllum fjórum fótum. Mögulega ofvaxnar klaufir sem hafa ekki áhrif á hreyfigetu.	Lítilsháttar höfuðhreyfing (upp og Niður) við gang. Ójafn þungi settur á fætur. Lítilsháttar helti á einum fæti en kindin fær um að fylgja hjörðinni án vandamála.	Greinileg höfuðhreyfing (upp og niður) við gang. Heldur á lofti einum eða fleiri fótum við gang eða stöðu. Liggur á framhnjúnum við beit. Ófær um að fylgja hjörðinni.
		

Erfitt getur reynt að koma auga á helti í hjörð á hreyfingu þar sem kindur reyna að fela helti þegar þær hlaupa með hjörðinni.










### 7.2.4. Helti hrossa

Í lagi	Þarfnast athugunar	Ekki í lagi
<b>1°-3°helti:</b> Væg helti.	<b>4°helti:</b> Greinileg helti á fæti.	<b>5°helti:</b> Hrossið getur ekki gengið hjálparlaust. Hrossið stígur ekki í einn fót. Hrossið liggur.

Heltiskali frá AAEP er lagður til grundvallar.

## 7.3. Sár/ áverkar

### 7.3.1. Sár/ áverkar á nautgripum

Í lagi	Þarfnast athugunar	Ekki í lagi
Engin sár eða bólgur.	Nuddsár eða bólgur hvar sem er á dýrinu. Lítil hárlaus rauð svæði án sýkingar. Bólgur í hækillið eða hnjálið minna en 8 cm ummál, ósýkt.	Alvarleg sár eða bólgur hvar sem er á dýrinu. Rauð sár (sköðuð húr með skorpum eða sári) sýkt. Bólgur í hækil eða hnjáliðum stærri að ummáli en 8 cm eða sýktir liðir.
 <p>No hairless patch © Winckler BOKU</p>	 <p>Hairless patch (tarsal joint) © Brinkmann BOKU</p>	 <p>Lesion (tarsal joint) © Brinkmann BOKU</p>
 <p>No lesion © Winckler BOKU</p>	 <p>Hairless patch (carpel joint) © Brinkmann BOKU</p>	 <p>Swelling (carpel joint) © Brinkmann BOKU</p>
 <p>No swelling © Winckler BOKU</p>		






## 7.3.2. Sár/ áverkar á svínunum

### 7.3.2.1. Halabit/ skottbit


Í lagi	Þarfnast athugunar	Ekki í lagi
Engin merki um halabit eða opnir áverkar á húð.	Halar klipptir eða bitnir, þrátt fyrir að vera grónir. Fersk blóð á hala eða lítil sár, ekki merki um sýkingu eða bólgur	Sár á hala sem eru sýkt og/eða bólgin.
		



### 7.3.2.2. Bógsár

Í lagi	Þarfnast athugunar	Ekki í lagi
Engin merki um bógsár eða fullgróin sár.	Rauð eða sködduð húð en ekki opið sár. Yfirborðs sár að 5 cm að þvermáli en sem ekki eru blæðandi, bólgin eða sýkt. Sár sem eru að gróa.	Sár stærri en 5 cm að þvermáli. Sár af öllum stærðum sem eru blæðandi, bólgin eða sýkt.
	 	
		

### 7.3.2.3. Aðrir áverkar




Í lagi	Þarfnast athugunar	Ekki í lagi
Engin sár eða minni yfirborðsrispur. Engin sár eða mjög fá og smá, yfirborðssár sem ekki eru blæðandi.	Rispur í gegnum yfirborð húðar eða margar yfirborðsrispur. Nokkur minni sár eða sár af stærðinni 2 til 5 cm að þvermáli sem hvorki eru bólgin né sýkt.	Djúp eða opin sár. Blæðandi, sýkt eða bólgin sár án tillits til stærðar. Sár stærri en 5 cm að þvermáli.
	 	 

### 7.3.3. Sár/ áverkar á hrossum

Í lagi	Þarfnast athugunar	Ekki í lagi
Skráður.	Grunn sár stærri en 10x10 cm. Sár í gegnum húð minni en 10x10 cm.	Sár í gegnum húð, 10x10 cm eða stærri. Sár með áberandi sýkingu (sem ekki er afmörkuð).

## 7.4. Holdafar




### 7.4.1. Holdafar mjólkurkúa

Í lagi	Þarfnast athugunar	Ekki í lagi
<p><b>Holdastig <math>\geq 3</math>:</b> Afrúnaður hryggur. Mjaðmabein köntuð en meira fitulag á setbeinum. Svæði milli hryggjar og þverhorna lítillega inndregin.</p>	<p><b>Holdastig 2,5:</b> Hryggjarsúla er hvöss og stendur út. Mjaðmabein og setbein hvöss og greinileg. Fitulag finnst við þreifingu á setbeinum. Helmingur þverhorna eða meira sýnileg.*</p>	<p><b>Holdastig 1-2:</b> Engin fita á setbeinum. Meirihluti þverþorna sjáanleg. Svæði milli hryggjar og þverhorna djúp. Hryggjaliðir sýnilegir.</p>
		









\* Í lagi hjá hánytja mjólkurkúm.

Almennt er talið að heppilegustu hold fyrir geldstöðu séu á bilinu 3-3,5 og að þeim holdum sé viðhaldið án breytinga fram að burði. Eftir burð leggja kýrnar óhjákvæmilega af. Botninum (2,25-2,75) á að vera náð 8-10 vikum eftir burð og eftir það á kýrin að fara að bæta rólega við sig allt þar til burðarholdum er aftur náð í byrjun geldstöðu.






### 7.4.2. Holdafar holdanautgripa

Í lagi	Þarfnast athugunar	Ekki í lagi
<p><b>Holdastig ≥3:</b> Hryggur afrúnaður, hryggjaliðir ekki greinilegir. Svæðið milli hryggjar og þverhorna bein eða lítið inndregin. Ávöl mjaðmahorn og sínar við halarót að nokkru huldar fitu.</p>	<p><b>Holdastig 2,5:</b> Afrúnaður hryggur. Mjaðmabein köntuð en meira fitulag á setbeinum. Svæði milli hryggjar og þverþorna aðeins inndregin.</p>	<p><b>Holdastig 1-2:</b> Mjaðmabein og setbein hvöss og greinileg. Fitulag finnst við þreifingu á setbeinum. Minnst helmingur þverþorna sýnileg.</p>
		

### 7.4.3. Holdafar svína

Feitt	Í lagi	Þarfnast athugunar	Ekki í lagi
<p><b>Holdastig 4:</b> Feitt/ of feitt svín. Mjaðmabein, rifbein og hryggur þakin fitulagi. Gyltan virðist tunnulaga séð aftan frá. Neðri hluti baks/læri þakin fitupúða.</p>	<p><b>Holdastig 3:</b> Meðal svín. Gott holdastig við got. Rifbein, hryggur og mjaðmabein finnast við þéttan þrýsting. Finnst varla fyrir hrygg eða mjaðmabeinum við áþreifingu. Séð aftan frá er bakið rúnað. Vöðvar vel þroskaðir um allan líkamann.</p>	<p><b>Holdastig 2:</b> Grannt svín. Ásættanlegt við fráfærur, en ekki á öðrum tímaskeiðum. Rifbein, mjaðmabein og hryggur finnast við léttan þrýsting. Séð aftan frá sést móta fyrir hryggnum. Vöðvar vel þroskaðir um allan líkamann.</p>	<p><b>Holdastig 1:</b> Horað svín. Rifbein, mjaðmabein og hryggur eru sjáanleg. Finnast greinilega. Mismunandi hlutar mjaðmabeina og hryggjar sjást greinilega eða finnast auðveldlega við lófaþrýsting. Séð aftan frá er hryggjarlína illa fyllt og virðist skörp.</p>
 	 	 	 

#### 7.4.4. Holdafar sauðfjár

Í lagi		Barfnast athugunar	Ekki í lagi	
<p><b>Holdastig 5:</b> Akfeitt. Háhorn finnast ekki við þéttan þrýsting og það er dæld í fitulögin þar sem þverhornin ættu að vera. Þverhornin finnast ekki við þrýsting. Þykkt fitulag á mólum og lendum.</p>	<p><b>Holdastig 4:</b> Feitt. Hægt er að greina háhornin með þéttum þrýstingi sem harða línu milli fitupaktra bakvöðva. Endar þverhornanna finnast ekki við þrýsting. Malir og læri vöðvafyllt og þakin fitulagi.</p>	<p><b>Holdastig 3:</b> Meðalhold. Háhornin finnast einungis sem mjúkir og rúnaðir toppar. Einstök bein finnast eingöngu við þrýsting. Þverhornin eru mjúk og vel þakin og þéttan þrýsting þarf til þess að finna fyrir endunum. Malir og læri eru vöðvafyllt með miðlungs þykku fitulagi.</p>	<p><b>Holdastig 2:</b> Holdlítið. Háhornin eru áberandi og einstök bein er hægt að finna sem gárur undir smá vefjalagi. Þverhornin eru mjúk og rúnuð. Hægt er að koma fingrum undir þá með smá þrýstingi. Malir og læri eitthvað vöðvafyllt, en með litlu fitulagi.</p>	<p><b>Holdastig 1:</b> Horað. Háhorn hryggjar áberandi og skörp. Fingur ganga auðveldlega undir þverhorn og hægt er að finna fyrir hverju einstöku. Malir og læri innfallin með engu fitulagi.</p>
				

Text modified from Fernandez, <https://www.uaex.edu/publications/pdf/FSA-9610.pdf>

Drawing with permission from Animalia

<https://www.animalia.no/no/Dyr/sauehelsenett/arstid/drektighetsperioden/holdvurdering-av-sau/>

#### 7.4.1. Holdafar hrossa

Ekki í lagi	Í lagi			Ekki í lagi
<b>5</b>	<b>4-4,5</b>	<b>3-3,5</b>	<b>2-2,5</b>	<b>1-1,5</b>
<p><b>Holdastig 5:</b> Afmyndaður. Rifbein finnast alls ekki, fitan mjög þétt átöku. Laut eftir baki og mikil dæld í lend. Keppir og hnyklar af fitu, á síðu, hálsi, lend.</p>	<p><b>Holdastig 4:</b> Feitur. Þykk fita á síðu, rifbein verða ekki greind. Bak mjög fyllt og hryggsúlan oft örllítið sokkin í hold.</p>	<p><b>Holdastig 3:</b> Reiðhestshold. Tvö til fjögur öftustu rifbein finnast greinilega við þreifingu en sjást ekki. Yfir þeim er þunnt og laust fitulag (ca 1 cm). Lendin er ávöl og hæfilega fyllt. Bakið fyllt og jafnt hryggsúlu. Hárafar slétt og jafnt.</p>	<p><b>Holdastig 2:</b> Verulega aflagður. Flest rifbein finnast greinilega og þau öftustu sjást. Örllítill fita undir húð yfir fremri rifbeinum. Vöðvar teknir að rýrna, tekið úr makka og lend, hálsinn þunnur. Hryggsúla og herðar sjást vel. Hárafar matt og hrossið vansælt.</p>	<p><b>Holdastig 1:</b> Öll rifbein sjást, skinnið er strengt á beinin og hvergi fitu að finna. Mikið gengið á vöðva, makki fallinn, herðar og hryggsúla standa mikið upp úr, lend holdlaus. Hesturinn hengir haus og sýnir lítil viðbrögð við ytra áreiti. Heilsutjón er varanlegt og rétt er að affla hross í þessu ásigkomulagi.</p>
	<p><b>Holdastig 4,5:</b> Mjög feitur. Greinileg fitusöfnun á hálsi, aftan við herðar og á lend.</p>	<p><b>Holdastig 3,5:</b> Riflegur. Yfir tveim til fjórum öftustu rifbeinum er gott og laust fitulag. Öftustu rifbein má samt greina. Lend, bak og háls eru fallega vöðvafyllt og fitusöfnun má oft merkja t.d. fyrir aftan herðar. Hrossið er í riflegum reiðhestsholdum og hefur nokkurn forða til að taka af.</p>	<p><b>Holdastig 2,5:</b> Fullþunnur. Yfir tveim til fjórum öftustu rifbeinum er mjög lítil fita, sem gjarnan er föst átöku, nema hrossið sé í bata. Vöðvar í lend, baki og hálsi ekki nægjanlega fylltir. Hrossið er í tæpum reiðhestsholdum og þarf að bæta á sig.</p>	<p><b>Holdastig 1,5:</b> Horaður. Flest rifbein sjást. Fastur átöku. Verulega tekið úr hálsi, baki og lend. Hárafar er gróft, strítt og matt. Mikil hætta að hrossið nái sér ekki að fullu.</p>

Kvarði til að meta holdafar fyrir íslensk hross.

